



Skorradalshreppur

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Þorsteinn Narfason
Innrimel 3
301 Akranes

Skorradal, 10. desember 2020
2012006 PD

Efni: Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Fjárhagsáætlun 2021 og tillaga að gjaldskrá.

Á fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps þann 9. desember s.l. var eftir farandi bókað:

„ Lagður fram tölvupóstur frá Heilbrigðisfulltrúa með fjárhagsáætlun HEV fyrir árið 2021 ásamt tillögu að gjaldskrá. Breytingar eru á áætluninni frá fyrri árum og miklar breytingar, þ.e.a.s. hækkanir í tillögunni á gjaldskránni.

Samþykkt að hafna fjárhagsáætlun HEV fyrir 2021 og henni vísað til baka til stjórnar Heilbrigðiseftirlitsins til endurgerðar. Hækkanir á leyfisgjöldum í gjaldskrártillögunni eru alltof miklar miðað við eldri gjaldskrá. Ætla má gjaldskrártillögur séu hærri en raunkostnaður við eftirlitið, en samkvæmt 46 gr. laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má ekki taka hærra gjald en nemur raunkostnaði. Sést það á samanburði við gjaldskrár annara heilbrigðisumdæma mikill. Einnig eru rangar heimildir í 6. gr. gjaldskrártillögunnar um heimild til gjaldtöku og í ljósi þess hafnar hreppsnefnd gjaldskrártillögunni og leggur einnig það til við önnur sveitarfélög á starfssvæðinu að gera það sama. Gjaldskrártillögunni því vísað til baka til heilbrigðisnefndar HEV. “

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

f.h. Árna Hjörleifssonar, oddvita
Pétur Davíðsson

Afrit: Önnur sveitarfélög á starfssvæðinu

SKORRADALSHREPPUR

Netfang: skorradalur@skorradalur.is